

Dags: 26.10.2021

Tímabil: Þriðji ársfjórðungur  
2021 (júlí - september)

Efling - stéttarfélag · Kjaramálasvið

# Ársfjórðungsskýrsla

## Lykiltölur – samskipti

Heimsóknir	531
Tölvupóstar	1.433
Símtöl	2.073

Starfsfólk Kjaramálasviðs tók á móti 531 félagsmanni á skrifstofuna á þriðja ársfjórðungi. Fjölgun varð í innsendum tölvupóstum um rúmlega 300 samanborið við síðasta ársfjórðung og endanleg tala þeirra 1.433. Alls bárust 2.073 símtöl til sviðsins og fækkaði þeim um tæplega 370 miðað við síðasta ársfjórðung.

## Lykiltölur – launakröfur og erindi

Fjöldi nýskráðra mála	196
Þar af launakröfur	33
Mál afhent lögmönnum	9
Þar af í þrotabú	0
Heildarupphæð launakrafna	14.810.986 kr.
Þar af hjá lögmönnum	5.475.412 kr.
Þar af í þrotabú	0 kr.
Innheimtar kröfur af starfsmönnum Kjaramálasviðs	2.079.768 kr.
Heildarupphæð greiddra krafna hjá lögmönnum	97.590.722 kr.
Þar af úr Ábyrgðarsjóði launa	91.574.769 kr.
Fyrirvaralausar uppsagnir, fjöldi mála	12
Fjöldi útsendra bréfa vegna annara réttindabrota	99

Starfsfólk Kjaramálasviðs aðstoðaði Eflingarfélagana við 196 nýskráð mál á tímabilinu, sem er 40 málum fleiri en á síðasta fjórðungi.

Launakröfur í heild voru upp á tæpar 15 milljónir. Athygli vekur að ekki voru neinar launakröfur sem sneru að gjaldþroti fyrirtækja á ársfjórðungnum.

Innheimtar kröfur á ársfjórðungnum f.h. Eflingar hjá lögmennsstofunni LAG-lögmenn námu rúmum 97 milljónum. Vóg þar þyngst lokauppgjör í þrotabú fyrirtækisins Toppfiskur, en þar voru 42 launakröfur upp á samtals rúmar 53 milljónir. Því til viðbótar innheimtust kröfur fyrir 91 einstakling upp á rúmar 44 milljónir hjá lögmönnum á þessum ársfjórðungi.

Starfsmenn aðstoðuðu 12 félagsmenn vegna fyrirvaralausra uppsagna.

Starfsmenn sendu út 99 bréf til fyrirtækja eða stofnana vegna ýmis konar réttindabrota annarra en launa og fyrirvaralausra uppsagna.

## Athugasemdir:

Til viðbótar við almenna ráðgjöf og upplýsingagjöf í síma og tölvupósti, sem er stór þáttur í störfum sviðsins, aðstoðaði Kjaramálasvið 196 félagsmenn með formlegum hætti á ársfjórðungnum svo sem með bréfaskriftum fyrir þeirra hönd eða með gerð launakrafna.

Efling sendir opinberum stofnunum á borð við Vinnumálastofnun fjölda erinda á hverjum ársfjórðungi og voru þau núna 7 talsins. Nokkur erindanna til Vinnumálastofnunar á ársfjórðungnum voru vegna átaksins „Hefjum störf“. Upp komu tilvik þar sem félagsmenn höfðu atvinnutilboði vegna þess að atvinnurekandi bauð kjör sem voru lakari en lágmarkskjör samkvæmt kjarasamningi.

Í einhverjum slíkum tilvika gerðist það að Vinnumálastofnun setti viðkomandi einstakling á bið í greiðslu atvinnuleysisbóta á þeim forsendum að hann hafi hafnað atvinnutilboði. Að sjálfsgöðu ber félagsmanni að hafna atvinnutilboði þar sem ekki er fylgt lágmarkskjörum kjarasamninga en ekki var í öllum tilvikum hlustað á rök þeirra. Starfsfólk kjaramálasviðs veitti félagsmönnum aðstoð í þessum tilvikum og varð það til þess að Vinnumálastofnun rétti hlut þeirra.